



Selfossi, 29. apríl 2021

Kæru foreldrar / forráðamenn barna í Stekkjaskóla.

Með bréfi þessu viljum við skólastjórnendur upplýsa ykkur um gang mála varðandi undirbúning á skólastarfi Stekkjaskóla.

Ráðningum lokið

Nú er búið að ráða allt starfsfólk við Stekkjaskóla fyrir næsta skólaár. Alls bárust 176 umsóknir í þær 24 stöður sem voru auglýstar í febrúar. Mjög margir öflugir umsækjendur sóttu um. Það segir okkur að skólasamfélagið í Árborg er ríkt af mannauði og það eru margir sem vilja starfa í sveitarfélaginu. Við viljum nota tækifærið að þakka öllum umsækjendum fyrir umsóknirnar og sýndan áhuga á Stekkjaskóla.

Starfsmenn Stekkjaskóla

Fyrsta skólaár Stekkjaskóla, 2021-2022, verða eftirfarandi starfsmenn við skólann:

| | |
|---------------------------|----------------------------|
| Hilmar Björgvinsson | skólastjóri |
| Ástrós Rún Sigurðardóttir | aðstoðarskólastjóri |
| Hildur Bjargmundsdóttir | deildarstjóri stoðþjónustu |

| | |
|---------------------------------|-----------------|
| Elísabet K Kristmundsdóttir | umsjónarkennari |
| Eyrún Óskarsdóttir | umsjónarkennari |
| Indlaug Cassidy Vilmundardóttir | umsjónarkennari |
| Inga Lára Sveinsdóttir | umsjónarkennari |
| Jóhanna Ingadóttir | umsjónarkennari |
| Kristín Ragna Bergmann | umsjónarkennari |
| Margrét Sverrisdóttir | umsjónarkennari |
| Steinunn Alda Guðmundsdóttir | umsjónarkennari |

| | |
|--------------------------|----------------------------|
| Guðný Lára Gunnarsdóttir | tónmenntakennari |
| Hildur Þorkelsdóttir | list- og verkgreinakennari |
| Jónína Ósk Lárusdóttir | list- og verkgreinakennari |
| Hörður Gunnar Bjarnason | íþróttakennari |
| María Ósk Ólafsdóttir | sérkennari |

| | |
|-----------------------|------------------|
| Björk Þórisdóttir | skólaritari |
| Inga Dröfn Jónsdóttir | yfirproskapjálfi |

| | |
|---------------------------|-------------------|
| Auður María Óskarsdóttir | stuðningsfulltrúi |
| Bergdís Bergsdóttir | stuðningsfulltrúi |
| Karen Dögg Baldvinsdóttir | stuðningsfulltrúi |
| María Björg Gunnarsdóttir | stuðningsfulltrúi |
| Ægir Máni Bjarnason | stuðningsfulltrúi |

| | |
|---------------------------------|------------------------|
| Fanney Rún Ágústsdóttir Sæland | matráður |
| Erla Ósk Sigurðardóttir Færseth | matráður í hlutastarfi |
| Krystina Porebska | matráður í hlutastarfi |

Við skólastjórnendur erum virkilega ánægðir með þennan áhugasama og kröftuga starfsmanna-
hóp og hlökkum til samstarfsins.

Þess má geta að Hildur Bjargmundsdóttir verðandi deildarstjóri stoðþjónustu mun hefja störf
1. júní. Aðrir starfsmenn taka til starfa í ágúst. Við bjóðum alla starfsmenn hjartanlega
velkomna til starfa og erum þess fullviss að með þessum áhugasömu starfsmönnum munum við
byggja upp faglegt og gott skólastarf.

Nemendur Stekkjaskóla

Um 120 nemendur eru nú skráðir í Stekkjaskóla. Þar af koma 40 nemendur úr Sunnulækjarskóla
og 35 nemendur úr Vallaskóla. Skiptingin eru svona:

| | Stekkjaskóli | Frá Sunnulækjarskóla | Frá Vallaskóla |
|---------------------|---------------------|----------------------|----------------|
| 1.b - árgangur 2015 | 37 | | |
| 2.b - árgangur 2014 | 30 | 7 | 20 |
| 3.b - árgangur 2013 | 20 | 15 | 5 |
| 4.b - árgangur 2012 | 31 | 18 | 10 |
| Samtals: | 118 | 40 | 35 |

Í skólahverfi Stekkjaskóla er fyrirséð mikil íbúafjölgun á komandi árum vegna byggingaframkvæmda. Því er ljóst að næsta haust verður nemendahópurinn nokkuð fjölmennari. Við sjáum fyrir okkur að nemendur gætu orðið um 140 talsins í skólabyrjun.

Stoðþjónusta

Í Stekkjaskóla verður lögð áhersla á að allir nemendur fái nám við hæfi og fái að njóta styrkleika sinna. Áhugasviðsverkefni er ein leið til að koma til móts við getu einstaklinganna og ekki síður til að koma til móts við þarfir þeirra og áhuga. Þegar nemendur fá verkefni sem þeim finnast skemmtileg og krefjandi líður þeim vel í skólanum. Nemendur sem þurfa stuðning og sérúrræði njóta góðs af öflugum stoðþjónustuteymi Stekkjaskóla. Við höfum fengið til liðs við okkur reynslumikla, vel menntaða og faglega starfsmenn í stoðþjónustuna. Hildur deildarstjóri hefur sinnt sérkennslu og deildarstjórn í Barnaskólanum á Eyrarbakka- og Stokkseyri og áður í Vallaskóla. María Ósk sérkennari kemur frá Grunnskólanum á Snæfellsnesi þar sem hún starfaði m.a. sem sérkennari og deildarstjóri stoðþjónustu og Inga Dröfn þroskaþjálfari kemur frá Vallaskóla og var áður í Setrinu Sunnulækjarskóla og leikskólanum Hulduheimum.

Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla


Stekkjaskóli fékk um daginn styrk úr Sprotasjóði, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fyrir verkefnið „Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla“. Eins og nafnið gefur til kynna verður unnið með hugmyndafræði lærdómssamfélagsins. Mótuð verður framtíðarsýn skólans með starfsfólki, nemendum, foreldrum, nærsamfélaginu og skólaþjónustu Árborgar og stuðlað þannig að lýðræði og jafnrétti í skólasamfélaginu. Jafnframt verður leitað til ýmissa sérfræðinga innan og utan Árborgar.

Áherslur og stefna skólans verður mótuð ásamt einkunnarorðum hans. Jafnframt verður unnið með teymisvinnu og teymiskennslu sem mun verða aðalsmerki skólans.

Heimasíða opnuð

Nú er heimasíða Stekkjaskóla komin í loftið en veffangið er www.stekkjaskoli.is. Síðan verður fyrst um sinn notuð sem fréttaveita af undirbúningi skólans og smám saman fara aðrar upplýsingar þar inn. Á síðunni er skóladagatal skólans þar sem hægt er að sjá hvenær skólasetning verður, hvenær starfsdagar eru á skólaárinu sem og vetrarfrí og aðrir uppbrotsdagar.

Stekkjaskóli Skólinn Foreldrarstarf N



Skóladagetal

Skólaakstur


Um skólann

Frístund

Hafa samband

Hvernig lítur Stekkjaskóli út á næsta skólaári?
21 apríl, 2021

Nú eru komnar myndir af skólalóð Stekkjaskóla og færanlegu kennslustofueiningunum sem verða notaðar á næsta skólaári. Okkur skólástjórnendum líst mjög vel á hvernig til hefur tekið. Sjá nánar frétt hér.



Stekkjaskóli fær styrk úr Sprotanajöði
28 apríl, 2021

Verkefni skólans heitir: Að byggja upp lærdómsamfélag í nýjum grunnskóla. Eins og nafnið gefur til kynna verður umnið með hugmyndafélagi lærdómsamfélagsins (e. professional learning community) frá stofnun Stekkjaskóla haustið 2021 með...

Mikill áhugi á Stekkjaskóla
18 mars, 2021

Mjöglega voru auglýstar stóður við Stekkjaskóla en umsóknarfrestur rann úr 14. mars sl. Skólástjórnendur eru nú að fara yfir umsóknir og taka viðtöl við umsækjendur. Alla bærast 176 umsóknir...

Byggjum upp sterka lífsheild
26 febrúar, 2021


Vilt þú taka þátt? Því að byggja upp sterka lífsheild í nýjum grunnskóla á Selfossi? Hægt er að sækja um ýmsar fjölbreyttar og áhugaverðar stóður fyrir skólaárið 2021-2022 á...

Glæsilegt húsnæði og skólalóð í skólabyrjun

Í bréfi sem við sendum forráðamönnum 18. febrúar sögðum við frá færanlegu kennslustofueiningunum sem verða notaðar næsta skólaár. Húsnæðið verður hið glæsilegasta með rúmgóðum kennslustofum og breiðum gangi sem tengir stofurnar saman. Húsin eru byggð í Hafnarfirði og verða tilbúin samkvæmt tímalínu, um mánaðarmótin júlí/ágúst.



Á fræðslunefndarfundi í síðustu viku kynnti Atli Marel Vokes sviðsstjóri framkvæmdir við skólahúsnæðið og skólalóðina sem verður með ýmsum leiktækjum s.s. kastala með rennibraut, rólum og battvelli. Einnig verður góður fótboltavöllur við skólann með endurnýttu gervigrasi frá íþróttavallasvæðinu. Aðgengi að skólanum verður mjög gott og malbikaðir stígar verða að skólanum. Sjá glærुकynningu Atla Marels á heimasíðu skólans.



Skólaumhverfið og umferðaröryggi

Mikill metnaður er hjá bæjaryfirvöldum að hlúa vel að nemendum í skólasamfélaginu. Skólinn verður staðsettur í nýju hverfi þar sem byggingaframkvæmdir verða. Tryggja á mjög gott aðgengi að skólanum með göngustígum, gangbrautum og gangbrautarljósum.




Hraðhindrun verður við Hagalæk og lýsing til að tryggja aðkomu barna úr hverfum norðaustan við Hagalæk.

Aðkoma barna úr hverfum vestan við Eyrarveg/Eyrarbakkaveg fer um nýleg undirgöng við Eyrarbakkaveg og tengist göngustígakerfi 1. áfanga gatnagerðar í Björkurstykki.



Hér má sjá yfirlitsmynd af skólanum og umhverfi og öruggar gönguleiðir eru merktar rauðar. Þær verða allar malbikaðar og verður því verið lokið í lok júní.



Börn sem koma frá Hagahverfum og Hólum vestan Norðurhóla þvera Suðurhóla við nýtt hringtorg Suðurhóla /Norðurhóla.



Börn sem koma úr Hólhverfi (austan Norðurhóla) munu geta þverað Suðurhóla um gönguþverun austan Vesturhóla og verða sett upp gangbrautarljós á þessum stað til að auka öryggi vegfarenda.

Ný skólabygging haustið 2022

Um þessar mundir eru framkvæmdir að hefjast við byggingu á nýja stóra skólanum sem opnar haustið 2022. Búið er að skrifa undir samning og það voru ÞG verktakar sem fengu verkefnið. Fyrsta áfanga á að skila til verkkaupa í júní 2022 og verður sú bygging hin glæsilegasta. Á heimasíðu skólans eru myndir af skólanum.



Mentor

Í gær miðvikudaginn 28. apríl fengum við Mentor, náms- og upplýsingakerfi, og erum við búin að skrá alla nemendur þar inn. Nemendur eru skráðir með upphafsdag í ágúst. Við stefnum á að senda ykkur reglulega stutta upplýsingapósta því nú verður mun auðveldara að gera það með tilkomu Mentors.

Húsgagna- og búnaðarkaup

Eftir að ráðningum lauk höfum við unnið að þarfagreiningu og sett saman búnaðarlista fyrir skólann okkar. Jafnframt höfum við farið í skólaheimsóknir í skóla til að skoða húsgögn ásamt því að fá kynningu frá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í skólahúsgögnum. Við erum að horfa til skólustofu 21. aldarinnar, með færanlegum og fjölbreyttum húsgögnum fyrir nemendur og kennara ásamt færanlegum gagnvirkum skjáum sem notaðir eru í kennslu. Við kaupum og veljum húsgögn í færanlegu kennslustofunnar sem flytja með okkur í nýbygginguna og reynum strax frá upphafi að horfa í þessa þætti.

Við höfum notið aðstoðar sérfræðinga hjá Árborg við gerð búnaðarlistanna, við verðkönnun og pantanir. Núna bíðum við t.d. eftir tilboðum í skólahúsgögnum.

Vorskóli fyrir verðandi nemendur í 1. bekk

Fyrirhugað var að halda vorskóla fyrir 1. bekk Stekkjaskóla fimmtudaginn 6. maí og föstudaginn 7. maí næstkomandi. Við vorum búin að staðfesta þessar dagsetningar í samvinnu við leikskólana og Vallaskóla, en fyrirhugað var að nýta húsnæði þar undir vorskólann okkar í ár.

Vegna aðstæðna í samfélaginu og C-19 smita í nærumhverfi okkar sjá stjórnendur Vallaskóla og Stekkjaskóla að ekki er hægt að halda vorskólann á tilteknum dagsetningum eins og fyrirhugað var. Foreldrar barna sem eru að hefja nám hjá okkur í haust, 2015 árgangur, fá nánari upplýsingar síðar.

Kynningarfundir fyrir forráðamenn

Vegna samkomutakmarkana og C-19 hefur okkur reynst erfitt að tímasetja kynningarfundir fyrir foreldra og forráðamenn. Undanfarið hafa þó nokkur smit greinst í nærumhverfi okkar og margir í samfélaginu þurft að fara í sóttkví og jafnvel einangrun. Tíminn mun leiða í ljós með hvaða hætti þessar kynningar verða, hvort þær verði í byrjun sumars eða í ágúst fyrir skólabyrjun. Við látum ykkur vita og birtum frétt á heimasíðu skólans.

Við hvetjum ykkur til að upplýsa börnin ykkar um framkvæmdir og framvindu undirbúnings, það getur verið áhugavert fyrir þau að skoða myndir o.fl. sem við birtum á heimasíðu skólans. Uppbyggingin er spennandi og von bráðar tókum við á móti ykkur og börnunum ykkar í nýjum grunnskóla í Árborg.

Bestu sumarkveðjur og við hlökkum til að hitta ykkur í lok maí ef aðstæður leyfa,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is

Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is